

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. júní 2009
Tilvísun: UST20090500094/ksj

Rannsóknarboranir neðan Hveradals í Krýsuvík. Beiðni um umsögn um tilkynningaskylda framkvæmd.

Við er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum um hvort og á hvaða forsendum rannsóknarboranir á háhitasvæði neðan Hveradals í Krýsuvík skuli háðar mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka I í framangreindum lögum. Í greinargerð er fylgir erindinu kemur fram að HS Orka hf. hafi leyfi til jarðhitarannsóknna á Krýsuvíkursvæðinu og að rannsóknir hafi farið fram á svæðinu um áratuga skeið.

Tilkynningaskylda

Eins og fram kemur í erindinu er ofangreind framkvæmd tilkynningaskyld skv. 2. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að strax í upphafi fáist heilsteypt mynd af hugsanlegri jarðhitanýtingu, og þeim mannvirkjum sem þeirri nýtingu fylgir, áður en ráðist er í rannsóknarboranir. Er það sér í lagi gert til að allir aðilar málsins geti betur greint heildar áhrif framkvæmdarinnar frá upphafi rannsóknarborana að nýtingu borhola. Umhverfisstofnun vill benda á góð vinnubrögð Orkuveitu Reykjavíkur varðandi rannsóknarborun við Gráuhnjúka, þar sem heildarmynd framkvæmda er til skoðunar strax við upphaf rannsóknaborunar.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhuguð rannsóknarborun snýst um gerð borteigs og boranir með jarðbor frá völdum borstæðum á borteig. Áætluð staðsetning borpalls er við brekkurót í Hveradal og fram kemur að frumáætlun geri ráð fyrir að fyrst verði stefnuboruð ein hola og ef niðurstöður lofa góðu þá verði ráðist í borun fleiri stefnuboraðra holna frá sama borteigi. Áætlunin gerir ráð fyrir að boraðar verði allt að þrjár holur á fyrirhuguðum borteig, 2.000 – 2.500 m djúpar, en þrjár holur eru taldar nægja til að afla nauðsynlegra upplýsinga um djúpkerfi jarðhitageymisins. Stærð borteigs yrði frá 5.500 m² -8.000 m². Fram kemur í greinargerð að burðarhæft efni verði sótt í Vatnsskarðssnámu eða aðra viðurkennda námu, og að ef að

farga þurfi efni verði fundinn staður í samráði við byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar og/eða Grindavíkur. Við frágang borplans og hönnun er gert ráð fyrir að landhæð borteigs verði höfð lægri en umliggjandi lands sem nemur u.þ.b. 10 sm., þá er hægt að loknum framkvæmdum að keyra mold ofan á efnispúðann og sá í yfirborð svo þar myndist sama gróðurþekja og annars staðar. Að mati Umhverfisstofnunar er ástæða til að ætla að það dragi úr umhverfisáhrifum af völdum borplans ef ofangreindur frágangur verður við hafður.

Samráð

Í tilkynningu um fyrirhugaða rannsóknarborun kemur fram að staðsetning borteigs hefur verið unnin í samráði við Hitaveitu Suðurnesja og Hafnarfjarðarbæjar. Einnig segir að endanleg útmörk teigsins verði ákveðin að höfðu samráði við byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin ásamt stjórn Reykjanesfólkvangs stunda nýtingu á svæðinu, enda telst friðlýsing til landnotkunar. Því er eðlilegt að framkvæmdaraðili hafi m.a. samráð við stofnunina og stjórn fólkvangsins við framkvæmdir á hans vegum.


Landslag

Í tilkynningunni kemur fram að framkvæmdin sem slík hafi óveruleg áhrif á landslag á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að enginn rökstuðningur fylgir fyrrgreindri fullyrðingu í greinargerðinni. Að mati Umhverfisstofnunar hefur allt að 8000 m² borteigur ávallt töluverð áhrif á landslag á umræddu svæði auk þeirra mannvirkja sem eftir verða. Sýnileiki mannvirkja verður töluverður meðan á borun og prófun stendur en óvíst er um hvernig gengið verður frá borholutoppum eftir að borun lýkur.


Niðurstaða

Eins og fram kemur í erindinu er fyrirhugað framkvæmdasvæði í Reykjanesfólkvangi. Einnig kemur þar fram að allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema að til komi leyfi frá Umhverfisstofnun að undanskilinni hagnýtingu jarðhita. Umhverfisstofnun bendir á að fólkvangurinn var friðlýstur árið 1975 og er ljóst að hagnýting jarðhita í dag er með allt öðrum hætti en tíðkaðist á þeim árum er fólkvangurinn var stofnaður. Að mati Umhverfisstofnunar er öll jarðhitanýting á nútíma mælikvarða til þess fallin að hafa umtalsverð áhrif á ásýnd Hveradals í Krýsuvík. Í meðfylgjandi tilkynningu eru þó til umfjöllunar boranir þriggja rannsóknarhola þar sem ætlunin er að ganga frá framkvæmdasvæðinu með jarðvegsþekju og fjarlægja vatnslagnir. Borsvarf verður fjarlæggt. Með tilliti til framangreinds telur Umhverfisstofnunar ólíklegt að umhverfisáhrif af framangreindum rannsóknarborunum verði umtalsverð. Umhverfisstofnun ítrekar að skoða þurfi heildrænt þau áhrif sem verða af nýtingu, ef til hennar kemur.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Olafur A Jónsson
Deildarstjóri